



Jafnlaunastefna Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Jafnlaunastefna sambandsins fylgir jafnréttislögum nr. 10/2008 og einnig öðrum lögum og reglum um að ekki skuli mismuna eftir kyni. Karlar og konur skulu fá greidd jöfn laun fyrir sömu vinnu eða jafn verðmæt störf og sækir stoð í mannauðsstefnu sambandsins og í starfsreglur um starfaskipulag, ráðningar, starfslýsingar og kjör í starfsemi Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnunni er farið eftir íslenska staðlinum ÍST 85:2012. Sambandið skuldbindur sig til að skapa umgjörð þannig að launaákvæðanir mismuni ekki eftir kyni, þjóðerni, kynþætti, kynhneigð eða trúarbrögðum. Sambandið skuldbindur sig einnig til að kynna stefnuna fyrir öllu starfsfólki.

Til að viðhalda jafnlaunastefnunni og tryggja eftirfylgni hefur sambandið ákveðið að framkvæmdastjóri og sviðstjóri muni halda rýnifund árlega til að tryggja stöðugar umbætur. Á fundinum verður farið yfir launagreiningu og umbætur gerðar ef þörf til að viðhalda jafnlaunastefnunni.

Samþykkt af Jafnréttisstofu 10. september 2019